



Heilbrigðisskoðun

Klár í keppni 2012

Heilbrigðisskoðanir keppnis- og sýningarhrossa
á Landsmóti hestamanna og Íslandsmóti í hestaíþróttum



Á Landsmóti hestamanna (LH) 2012 voru öll keppnishross í keppnisgreinum fullorðinna og ungmenna heilbrigðisskoðuð fyrir keppni samkvæmt fyrirkomulaginu „Klár í keppni“, alls 354 hross. Knapar mættu með hestana, á beislis, tveimur til 24 tímum fyrir forkeppni og einum til tveimur tímum fyrir milliriðla og úrslit, alls 500 skoðanir. Þá vísuðu fótaskoðunarmenn hestum til skoðunar eftir keppni ef þeir urðu varir við ágrip eða blóð í munni (síðarnefnda atriðið sást ekki í neinu tilfalli). Kynbótahrossin, 208 talsins, voru skoðuð með sama hætti fyrir forsyningu. Á Íslandsmóti í hestaíþróttum (ÍM) 2012 voru 240 skoðanir gerðar á 201 hrossi. Samtals voru því 763 hross skoðuð með þessum hætti á árinu, alls um 950 skoðanir.

Almennt ástand

Engar athugasemdir gerðar

Munnur


Tafla 1. Tíðni áverka í munni keppnishrossa á LM 2012. N= fjöldi skoðaðra hrossa í hverri keppnisgrein.

	Forkeppni		Milliriðlar		Úrslit	
	Áverkar alls	þar af alvarlegir	Áverkar alls	þar af alvarlegir	Áverkar alls	þar af alvarlegir
A-fl. gæðinga	N=100 51 (51%)	6 (6%)	N=29 16 (55%)	4 (14%)	N=15 8 (53%)	3 (20%)
B-f l. gæðinga	N=98 40 (41%)	11 (11%)	N=29 17 (59%)	3 (10%)	N= 15 6 (40%)	1 (7%)
Tölt	N=28 15 (54%)	4 (14%)			N=10 7 (70%)	3 (30%)
Ungmenni	N=81 33 (41%)	8 (10%)	N=33 22 (67%)	7 (21%)	N=15 9 (60%)	2 (13%)
ALLS skeiðgr	N=307 139 (45%)	29 (9%)	N=91 55 (60%)	14 (15%)	N=55 30 (56%)	9 (16%)
Skeiðgreinar	N=47 16 (34%)	0				
ALLS	N=354 155 (44%)	29 (8%)				

Tíðni áverka í munni keppnishesta reyndist hærri en á síðasta landsmóti. Það kann að einhverju leyti að skýrast af nákvæmari skoðun en hún var þó í meginatriðum framkvæmd með sama hætti og á LM 2011.

Fyrir forkeppni fundust áverkar í munni 45% hrossanna og hækkaði það hlutfall upp í 56% fyrir úrslit. Þar af hækkaði tíðni alvarlegra áverka úr 9% í 16%. Keppni í tölti skar sig úr fyrir háa tíðni áverka í munni, einkum þegar kom að úrslitum. Minnst er um áverka hjá hestum í skeiðgreinum og er sú niðurstaða í samræmi við skoðanir frá fyrri árum. Þar sem þeim var ekki fylgt eftir með sama hætti og öðrum keppnishestum er þó mögulegt að um vanmat sé að ræða.

Áverkar sem greindust fyrir forkeppni reyndust oftast tiltölulega vægir og mest var um þá í munnvikunum innanverðum og í slímhúðinni innan á kinnunum, á móts við fremstu jaxla. Alvarlegri áverka var hlutfallslega oftast að finna yfir kjálkabeini á tannlausu bilinu og jókst tíðni þeirra jafnt og þétt eftir því sem leið á mótið. Þegar kom að úrslitum voru áverkar á kjálkabeini orðnir yfirgæfandi. Bæði höfðu hestar sem voru með áverka fyrir forkeppni (sem versnuðu í sumum tilfellum) komist áfram en einnig voru komnir til áverka á hestum sem mættu heilir til leiks.

Mynd 1. Staðsetning og þróun alvarlegra áverka í munnri keppnishesta á LM 2012

All margir hestanna voru með áverka bæði í munnvikum/kinnum og yfir kjálkabeini. Þá voru 3 hestar með alvarlega áverka á kjálkabeini einnig með áverka á tungu sem rekja má til viðleitni hestsins til að verja þetta svæði með tungunni.

Tafla 2. Tíðni áverka í munnri kynbótahrossa á LM 2012. N= fjöldi skoðaðra hrossa í hverjum aldursflokki.

	Forsýning	
	Áverkar alls	þar af alvarlegir
7 v og eldri	N=28 13 (46%)	3 (11%)
6 v	N=48 20 (42%)	5 (10%)
5 v	N=80 39 (49%)	10 (13%)
ALLS	N=156 72 (46%)	18 (12%)
4 v	N=52 15 (29%)	3 (6%)
ALLS	N=208 87 (42%)	21 (10%)

Tíðni áverka í munnri kynbótahrossa reyndist sambærileg og hjá keppnishrossunum. Athygli vekur að hún var áberandi lægri hjá fjögurra vetra hrossum en þeim eldri. Nánari greining liggur ekki fyrir þar sem aðeins var um eina skoðun að ræða.

Tafla 3. Tíðni áverka í munni keppnishrossa á Íslandsmóti 2012.
N= fjöldi skoðaðra hrossa í hverri keppnisgrein.

	Forkeppni	Úrslit
	Áverkar alls/ alvarlegir	Áverkar alls/alvarlegir
5-gangur	N=44 19 (43%) 4 (9%)	N=10 6 (60%) 2 (20%)
4-gangur	N=37 18 (49%) 2 (5%)	N= 10 7 (70%) 5 (50%)
Tölt	N=38 18 (47%) 5 (13%)	N=10 9 (90%) 5 (50%)
T2	N=17 3 (18%) 2 (12%)	N=5 0
ALLS	N=136 58 (43%) 13(10%)	N=35 30 (56%) 12(34%)
Skeiðgreinar	N=65 20 (31%) 4 (6%)	
ALLS	N=201 68 (34%) 17(8%)	

Tíðni alvarlegra áverka var enn hærri á ÍM en á LM. Áfram var mest um áverka hjá hrossum í töltkeppninni, T1 en enginn hestur í úrslitum í slaktaumatölti, T2, var með áverka.

Fætur

Helti greindist hjá fjórum keppnishrossum sem þar með duttu úr leik. Þar af heltist einn hestur vegna ágríps sem hann hlaut í keppni. Einu kynbótahrossi var vísað frá sýningu vegna helti og tvö komu til skoðunar með alvarleg ágríp eftir sýningu. Þau voru einnig úr leik og héldu ekki dómum sínum. Einn hestur hætti keppni á Íslandsmótinu vegna beinhimnubólgu á legg og helti.

Í heildina séð var lítið um ágríp hjá keppnishestum og nánast ekkert um ágríp á olnboga sem er breyting til batnaðar frá fyrra ári. Nokkuð bar á múkki, einkum á Landsmótinu.

Annað

Eitt keppnishross drapst af slysförum í hesthúsi á mótssvæði LM. Þá slasaðist eitt hross keppanda í barnaflokki á haus þannig að hætta varð keppni.

Aðstaða til útiveru var takmörkuð fyrir hross á mótssvæði LM en að öðru leyti voru aðstæður fyrir hross góðar á báðum mótunum.

Umræður

Skoðunin „Klár í keppni“ hefur nú fest sig í sessi á stærri mótum og gefur mikilvægar upplýsingar um ástand keppnis- og sýningahrossa sem hægt er að nýta til fyrirbyggjandi aðgerða.

Ljóst má vera að áverkar í munni eru helsta ógnin við velferð hrossa sem koma til keppni eða kynbótasýninga. Engin vísbending er um að þróun til betri vegar sé hafin þrátt fyrir mikla umræðu á síðastliðnu ári um þennan vanda.

Algengustu áverkarnir voru þrýstingssár innanvert í munnvikum eða rétt fyrir innan munnvikin. Þau voru í flestum tilfellum til staðar fyrir fyrstu sýningu eða keppni. Oftast var um tiltölulega lítil og/eða grunn særindi að ræða en þó var nokkuð um hross með alvarlegri áverka á þessu svæði. Mjög lítið var um ný tilfelli á meðan á mótinu stóð og ekki varð vart við blóð í munni eftir keppni í neinu tilfelli.

Þrýstingssár verða þar sem slímhúðin lendir í klemmu á milli méla og/eða múls annars vegar og tanna hins vegar. Slíkur þrýstingur á afmarkað svæði í lengri tíma eða síendurtekið, dregur úr blóðflæði og leiðir til staðbundins skaða. Þykkun á slímhúðinni þar í kring endurspeglar oftast að um langvinnan þrýsting hafði verið að ræða.

Alvarlegustu áverkana var alla jafna að finna yfir kjálkabeininu á tannlausa bilinu. Þar var um að ræða bólgur í slímhúð, þykkun á kjálkabeini, beinhimnubólgu og jafnvel bólgur í beini eftir þrýsting frá mælum. Í mörgum tilfellum var einnig að finna sár á þessu svæði. Þessir áverkar eru nátengdir notkun stangaméla með tunguboga en þau létta þrýstingi af tungunni sem er nauðsynlegur dempari fyrir það átak sem kemur á munninn. Tíðni þessara áverka og alvarleiki þeirra jókst jafnt og þétt eftir því sem leið á mótið.

Kjálkabeinið er umlukið beinhimnu sem er afar tilfinningarík og þar ofan á er aðeins þunn slímhúð. Þetta svæði er því mjög viðkvæmt fyrir þrýstingi sem leiðir fljótt til bólgur og særinda. Hætta er á að beihnútar myndist á kjálkabeininu og þar með varanlegur skaði. Í versta falli geta særindi á þessu svæði opnað leið fyrir beinsýkingu. Út frá sjónarmiði dýravelferðar er því afar brýnt að fyrirbyggja þessa áverka.

Nokkuð var um að hestar væru með áverka bæði í munnvikum/kinum og yfir kjálkabeini, jafnvel báðum megin. Það, m.a., gerir flokkun áverka eftir alvarleika vandasamt verk sem þarf að vinna betur. Stundum var um gamla skaða að ræða sem ífast upp í hverri keppni þar sem styrkur slímhúðarinnar er orðinn lítill. Þá ber að hafa í huga að sumir þeirra hesta sem voru komnir með alvarlega áverka fyrir úrslit á LM höfðu í millitíðinni tekið þátt í ræktunabússýningum eða afkvæmasýningum til viðbótar við sjálfa keppnina. Þær sýningar lúta ekki sambærilegu eftirliti og ábyrgaðýralæknir hafði ekkert yfirlit yfir þáttöku hesta í slíkum sýningum. Á Íslandsmótinu var aftur á móti meira um að hestar tækju þátt í fleiri en einni keppnisgrein sem gæti átt þátt í hinni háu tíðni alvarlegra áverka þegar komið var að úrslitum.

Áverkar í munni keppnishesta eru ekki vandamál einstakra knapa. Fremur má segja að það séu aðeins einstaka knapar sem ná því að komast langt í keppni án þess að það skilji eftir sig særindi í munni hestsins. Þeir eiga það sammerkt að nota mæl með tunguboga afar sparlega. Margir knapar sem mættu með alvarlega munnsára hesta til skoðunar voru ekki vel meðvitaðir um ástandið. Greinileg viðhorfsbreyting hefur þó orðið hjá knöpum frá fyrra ári þar sem flestir eru nú tilbúnir til að horfast í augu við vandann og leita lausna.

Vandinn er það almennur að leita þarf lausna á breiðum grundvelli og endurskoða keppnisgreinar og -reglur. Það verður að ráðast að rótum vandans út frá þeirri þekkingu sem liggur fyrir og marka langtíma stefnu til úrbóta.

Mögulegar leiðir til úrbóta.

1. Banna notkun stangaméla með tunguboga
2. Auka fræðslu um virkni munnsins og hentugan beislibúnað
3. Þróa hestvænni keppnisgreinar
4. Þróa keppnisreglur og dómgæslu
5. Auka fagmennsku í hestatannlækningum (greina þarf undirliggjandi vanda og meðhöndla sérhæft en draga úr tannröspunum)
6. Öll notkun á íslenska hestinum til sýninga og keppni lúti sömu reglum varðandi dýravelferð

Eftirtaldir dýralæknarnir sem hafa aflað sér framhaldsmenntunar á heilbrigði munnsins og/eða reynslu frá skoðunum á fyrri mótum stóðu vaktina á LM 2012: Grétar Hrafn Harðarson, Stefán Friðriksson, Charlotta Oddsdóttir, Mía Hellsten, Lísía Bjarnadóttir, Guðrún Margrét Sigurðardóttir, Aðalbjörg Jónsdóttir og Vignir Sigurólason og er þeim hér með þakkað fyrir vel unnin störf. Dýralæknir hrossasjúkdóma tryggði samræmingu skráninga á LM og sá um eftirlitið á Íslandsmótinu.

Hólum, 1. nóvember 2012,
Sigríður Björnsdóttir
Dýralæknir hrossasjúkdóma hjá Matvælastofnun
og ábyrgðardýralæknir LM og ÍM 2012.